

S A M Þ Y K K T

43

9. marz

um sýsluvegasjóð Rangárvallasýslu.

1. gr.

Í Rangárvallasýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr honum greiðist kostnaður við þær vegabætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

Í Djúpárhreppi:

1. Háðæjarvegur frá Hólsá hjá Unhól að Háðæ.
2. Háfsósbraut frá Háðæ um Háðshverfi að Steinslæk.

Í Ásahreppi:

3. Háfsósbraut frá Steinslæk að þjóðvegi hjá Fífilbrekku.
4. Hamravegur frá þjóðveginum við Selholt að Syðri-Hömrum.
5. Sumarliðabæjarvegur frá þjóðveginum við Sandskörð um malargryfjur við Háagreni að Sumarliðabæ.
6. Ásmundarstaðavegur frá þjóðveginum við Selsand að Ásmundarstöðum.

Í Holtahreppi:

7. Laugalandsvegur frá Landvegi um Laugaland að Nefsholti.
8. Marteinstunguvegur frá Landvegi um Marteinstungu að Götum.
9. Ölvesholtsvegur frá Landvegi hjá Köldukinn að Ölvesholti.
10. Kaldárhóltsvegur frá Hagabraut hjá Saurbæ að Kaldárholti.
11. Fosshólavegur frá Landvegi um Þjóðólshaga að Fosshólum.
12. Litlu-Tunguvegur frá þjóðveginum við Rauðalæk að Litlu-Tungu.
13. Lækjarvegur frá þjóðvegi við Stúfholtshjáleigu um Læk að Akbraut.

Í Landmannahreppi:

14. Hryggjavegur af Ölvesholtsvegi sunnan við Köldukinn að Árbæjarvegi hjá Nónborg.
15. Bjallavegur af Árbæjarvegi norðan við Bjallalæk um Hrólfsstaðahelli að Húsagarði.
16. Útkróksvegir af Landvegi að Hjallanesi, Flagbjarnarholti og Vindási.
17. Hvammsvegur af Landvegi móts við Múla að Hvammi.

Í Rangárvallahreppi:

18. Heiðarbraut frá þjóðveginum vestan Eystri-Rangár hjá Stóra-Hofi um Reyðarvatnsréttir, Gunnarsholt, Geldingalækina, Þingskála að Svínhagalæk.
19. Gunnarshóltsvegur frá þjóðveginum vestan Varmadalslækjar að Gunnarsholti.
20. Oddhólsvegur frá Oddavegi að Oddhól.
21. Keldnavegur frá Heiðarbraut við sandgræðsluhliðið um Keldur að Reynifelli.
22. Hellubraut frá þjóðveginum hjá dýralæknisbústaðnum gegnum Helluþorp að Helluvaði

Í Hvolhreppi:

23. Stórólshvolsvegur frá þjóðveginum að Stórólshvoli.
24. Móeiðarhvolsvegur frá þjóðveginum austan Djúpadals að Móeiðarhvolshjáleigu.

- 43 25. Árgilsstaðavegur frá Þjóðveginum við Völl að Árgilsstöðum.
9. marz 26. Hvolsvallarvegur, gamli Þjóðvegurinn, sem liggur gegnum þorpið á Hvolsvelli.

Í Fljótshlíðarhreppi:

27. Vatnsdalsvegur frá Þjóðveginum við Torfastaðagróf um Tumastaði og Tungu að Vatnsdal.
28. Innhlíðarvegur frá Múlakoti að Fljótsdal.

Í Vestur-Landeyjahreppi:

29. Fíflholtsvegur frá Þjóðveginum vestan Fíflholtshverfis um Fíflholt og Gerða að Norður-Hjáleigu.
30. Siglúvíkurvegur frá Þjóðveginum við Fljótsveg að Siglúvík.
31. Akureyjarvegur frá Þjóðveginum við Fljótsveg að þinghúsinu í Akurey.
32. Eyjarvegur frá Þjóðveginum við Hvítanes um Ey að Berjanesi.

Í Austur-Landeyjahreppi:

33. Affallsvegur af Þjóðveginum norðan Voðmúlastaðahverfis um Kanastaði á Þjóðvegin norðan Úlfstaða.
34. Krossvegur frá Þjóðveginum vestan við Skiðbakka að Krossi.
35. Hallgeirseyjarvegur af Landeyjavegi austan við Affallsbrú syðri að Hallgeirsey.
36. Selsvegur af Þjóðveginum norðan Voðmúlastaða um Sel á Landeyjaveg syðri.
37. Hólmabæjarvegur frá hreppsmörkum Eyjafjallahrepps um Efri-Vatnahjáleigu á Þjóðvegin norðan Miðeyjar.

Í Vestur-Eyjafjallahreppi:

38. Heimalandsvegur frá Þjóðveginum að Heimalandi.
39. Skálavegur frá Þjóðveginum austan við Hvammsnúp um Núps- og Skálabæi á Þjóðvegin hjá Grund.
40. Hólmabæjarvegur frá Þjóðveginum austan Steinmóðarbæjarhólma suður að Dalselsál norðan og vestan Dalsels um Borgeyrar að hreppamótum V.-Eyjafjallahrepps og A.-Landeyjarhrepps hjá Efri Vatnahjáleigu.
41. Hverfisvegur frá Þjóðveginum austan Holts um Mið- og Systu-Grund milli Indriðakots og Björnskots á Þjóðvegin austan Írár.

Í Austur-Eyjafjallahreppi:

42. Leirnavegur frá Þjóðveginum vestan Hlíðar framhjá Berjaneskoti að Berjanesafleggjara um Leirnahverfi og Miðbælishverfi á Þjóðvegin vestan Bakkakotsár.
43. Laugarvegur frá Þjóðveginum austan Svaðbælisár að sundlauginni.
44. Rauðafellsvegur frá Laugarvegi yfir Laugará um Raufarfells- og Rauðafellsbæi á Þjóðvegin vestan Kaldaklifsárbrúar.
45. Eyvindarhólavegur frá Þjóðveginum vestan Hrútafells að Eyvindarhólum.

3. gr.

Í sýsluvegasjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðast á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í þorpum. Þó er hreppsfélaginu heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmatum sveitarfundi og tilkynning kemur þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl. Sýslunefnd ákveður fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skal vera. Má hann ekki vera lægri en 6‰ og ekki hærri en 12‰ af landverði samkvæmt fasteignamati og hálfu minna

af húsverði. Með gjöldum til vegabóta mega teljast vextir og afborganir af lánum, 43
sem tekin eru til sýsluvega.

9. marz

4. gr.

Sýsluvegasjóður greiðir $\frac{2}{3}$ kostnaðar við nýbyggingar og viðhald sýsluvega, en hlutaðeigandi hreppsfélag $\frac{1}{3}$ hluta. Þó getur sýslunefnd ákveðið hærra framlag frá hreppsfélagi.

5. gr.

Hver landeigandi er skyldur að láta af hendi án endurgjalds land það, er þarf undir sýsluveg eða til breytinga og breikkunar á þeim, svo og að leyfa að efni til vegna sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni.

6. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs, skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar og gilda þar um sömu reglur og um sýslusjóðsreikning.

Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár. Afrit af sýsluvegasjóðsreikningum ásamt áætlun, skal oddviti sýslufundar senda vegamálastjóra að afstöðnum sýslufundi.

7. gr.

Undanþegnar vegaskatti eru kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

8. gr.

Tillag úr rikissjóði fær sýsluvegasjóður eftir því sem ákveðið er í lögum nr. 50 17. maí 1947, eða öðrum lögum, er síðar kunna að verða sett um sama efni.

9. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29 16. desember 1885, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, sbr. og lög nr. 50 17. maí 1947, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla niður eldri ákvæði um sama efni.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. marz 1953.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.